

ÚRSKURÐUR ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 13/2014

Kæra Kredia ehf. og Smálána ehf. á ákvörðun Neytendastofu 2. júní 2014.

1. Þann 21. nóvember 2014 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 13/2014: Kæra Kredia ehf. og Smálána ehf. á ákvörðun Neytendastofu [nr. 28/2014](#) frá 2. júní 2014. Í málinu úrskurða Hildur Dungal, Egill Heiðar Gíslason og Halldóra Þorsteinsdóttir.
2. Með kæru, dags. 27. júní 2014, hafa kærendur kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 28/2014 frá 2. júní 2014. Í hinni kærðu ákvörðun var komist að þeirri niðurstöðu að kærendur hefðu brotið gegn ákvæðum 21. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán og 3. gr. reglugerðar nr. 956/2013 um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar með því að undanskilja kostnað af framkvæmd lánshæfismats við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Þá hefðu kærendur brotið gegn ákvæði 26. gr. laga nr. 33/2013 með því að innheimta kostnað af lánum sem nemur 3.214% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Með heimild í 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013 bannaði Neytendastofa kærendum að undanskilja kostnað af framkvæmd lánshæfismats við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Þá var kærendum bannað að innheimta hærri kostnað af lánum sínum en næmi 50% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar að viðbættum stýrivöxtum. Með heimild í u. og x. lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 33/2013 lagði Neytendastofa stjórnvaldssekt á hvorn kæranda að fjárhæð 250.000 krónur.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi til kæranda Kredia ehf., dags. 19. nóvember 2013, fór Neytendastofa fram á skýringar á tilteknum atriðum í tengslum við lánastarfsemi fyrirtækisins. Í bréfinu var vísað til þess að Kredia ehf. veitti tvær tegundir lána, annars vegar hefðbundið smálán og hinsvegar svokallað flýtilán. Hið fyrrnefnda fengist greitt út að liðnum átta dögum en flýtilánið innan klukkustundar. Kostnaður við hefðbundið 20.000 króna lán væri 678 krónur sem gæfi 50% árlega hlutfallstölu kostnaðar. Óskaði neytandi eftir flýtiláni þyrfti hann til viðbótar að greiða 5.990 króna flýtigjald. Í bréfi Neytendastofu var farið fram á skýringar Kredia ehf. á því hvers vegna umrætt flýtigjald væri ekki reiknað út sem hluti af árlegri hlutfallstölu kostnaðar eins og skylt væri samkvæmt 4. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán sbr. g. lið 1. mgr. 5. gr. sömu laga.

5. Með bréfi, dags. 9. desember 2013, brást Kredia ehf. við erindi Neytendastofu. Í bréfinu kom fram að fyrirtækið byði viðskiptavinum sínum svokölluð smálán, sem væru lán að fjárhæð 20.000 krónur, í 30 daga. Ekki væri um að ræða aðrar lánsfjárhæðir, lánstíma eða lánskjör. Lánin bæru enga vexti en lántökukostnaður væri 678 krónur. Í því fælist að árleg hlutfallstala kostnaðar væri 50% og lánveitingin þar með í fullu samræmi við ákvæði 26. gr. laga nr. 33/2013. Það væri ekki rétt sem fram hefði komið í bréfi Neytendastofu að fyrirtækið byði upp á tvenns konar lán, þ.e.a.s. hefðbundið lán annars vegar og flýtilán hins vegar. Einungis væri boðið upp á eina tegund láns. Á hinn bóginn stæði viðskiptavinum til boða að velja sérstaka flýtiafgreiðslu sem hefði það í för með sér að láns hæfismat, sbr. 10. gr. laga nr. 33/2013, væri afgreitt með mun skjótari hætti en samkvæmt hefðbundnu ferli. Fyrir þessa flýtiþjónustu greiddu viðskiptavinir aukalega 5.990 krónur sem kæmi til greiðslu á eindaga lánsins.
6. Í bréfi Kredia ehf. er rakið að samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skuli árlegri hlutfallstölu kostnaðar lýst sem árlegu hlutfalli af heildarfjárhæð sem neytandi greiði. Hugtakið heildarlántökukostnaður sé skilgreint í g. lið 1. mgr. 5. gr. laganna. Í ákvæðinu komi fram að kostnaður vegna viðbótarþjónustu í tengslum við láns samning, einkum váttryggingariðgjöld, skuli einnig tekinn með í útreikninginn ef skylda sé til að gera viðbótarþjónustusamning til að lánið fái stöð eða til að fá það með auglýstum skilmálum og kjörum. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 33/2013 beri lánveitanda skylda til þess að framkvæma láns hæfismat á viðskiptavinum sínum áður en lán sé veitt. Viðskiptavinir Kredia ehf. hafi því ekkert val um það hvort þeir gangist undir láns hæfismat. Engu að síður bjóðist þeim að flýta afgreiðslutíma lánsins gegn gjaldi. Þessa þjónustu þurfi þeir að velja sérstaklega þegar sótt sé um lánið. Kjósi viðskiptavinir að nýta sér ekki þjónustuna verði lánið afgreitt með hefðbundnum hætti og engum viðbótarkostnaði. Í ljósi þess að viðskiptavinir hafi val um hvort þeir nýti sér flýtiþjónustu fyrirtækisins eða ekki reiknist kostnaður vegna þjónustunnar ekki til árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Eins og fram komi í ákvæði g. liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 33/2013 teljist einungis kostnaður við viðbótarþjónustu, sem skylda sé að nýta til að fá lánið afgreitt, til heildarlántökukostnaðar og þar með árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Með vísan til þessa sé ljóst að kostnaður vegna flýtiþjónustu teljist ekki til heildarlántökukostnaðar.
7. Með bréfi, dags. 7. janúar 2014, óskaði Neytendastofa eftir nánari skýringum Kredia ehf. á því hvers vegna fyrirtækið teldi flýtiþjónustu sína til viðbótarþjónustu. Í ákvæði g. liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 33/2013 sem og umfjöllun í greinargerð væri til þess vísað að viðbótarþjónusta gæti einkum verið váttryggingar. Í inngangsorðum tilskipunar 2008/48/EB um láns samninga fyrir neytendur væri í 22. gr. fjallað um viðbótarþjónustu og í því sambandi vísað til trygginga sem og opunar bankareikninga í tengslum við láns samning. Af þessu taldi Neytendastofa að til þess að um viðbótarþjónustu væri að ræða þyrfti að koma til einhver önnur þjónusta til viðbótar við lánveitinguna. Af bréfi Kredia ehf. og upplýsingum á heimasíðu fyrirtækisins fengi Neytendastofa ekki séð að flýtiþjónustan fæli í sér að neytandanum væri veitt önnur þjónusta til viðbótar við lánið heldur væri lánið afgreitt með

öðrum hætti, þ.e.a.s. fyrr en ella. Neytendastofa teldi flýtiþjónustuna ekki til þess fallna að vera viðbótarþjónustu.

8. Svar barst með bréfi Kredia ehf., dags. 15. janúar 2014. Voru þar dregnar tiltekna ályktanir af g. lið 5. gr. laga nr. 33/2013, ummælum í athugasemdum um ákvæðið í frumvarpi til laganna og g. lið 3. gr. og 19. gr. tilskipunar 2008/48/EB. Nánar tiltekið var bent á að það væri skilyrði að kostnaður væri með þeim hætti að lántakandi þyrfti að greiða hann, þ.e. lántakandi gæti ekki komið sér undan því að greiða kostnaðinn, ef hann ætlaði sér að fá lánveitinguna á annað borð. Þetta væri ekki tilfallið með flýtigjald Kredia ehf. þar sem lántakendur hefðu val um það hvort þeir nýttu sér þjónustuna sem gjaldið væri tekið fyrir. Þannig gætu allir lántakendur kosið að nýta sér ekki þjónustuna og greiða þar með ekki fyrir hana, en engu að síður fengið lán sitt afgreitt.
9. Þá þyrfti viðbótarþjónustusamningur að vera forsenda fyrir lánveitingu til að kostnaður vegna hans teldist til heildarlántökukostnaðar. Í ákvæðinu væru váttryggingariðgjöld nefnd í dæmaskyni og væri það e.t.v. vegna þess hversu algengt væri að neytendur þyrftu að kaupa sér tryggingar til þess að fá lán. Kredia ehf. gæti ekki fallist á það mat Neytendastofu að af þessu mætti vera ljóst að til þess að um viðbótarþjónustu væri að ræða þyrfti að koma til einhver önnur þjónusta til viðbótar við lánveitinguna, þ.e.a.s. að eðli viðbótarþjónustunnar þyrfti að vera annað en eðli lánveitingarinnar eða að þjónustan mætti ekki vera af sömu tegund og veitt væri í hefðbundnu afgreiðsluferli. Að mati Kredia ehf. þurfi viðbótarþjónustan ekki að fela í sér ný eða annars konar handtök við afgreiðslu lánsúmsóknar. Þvert á móti geti viðbótarþjónustan verið eðlisskyld lánveitingarþjónustunni og jafnvel verið sams konar þeirri þjónustu sem veitt væri í hefðbundnu afgreiðsluferli. Þannig gæti lánveitandi boðið flýtiafgreiðslu gegn gjaldi sem ekki teldist til heildarlántökukostnaðar. Höfuðmáli skipti að viðbótarþjónustan væri valkvæð og lántakandi væri ekki skyldugur til þess að nýta sér hana og þar með greiða fyrir hana gjald í því skyni að fá lánsúmsókn sína afgreidda. Ekki væri hægt að leggja annan skilning í ákvæði g. liðar 5. gr. laganna við hefðbundna túlkun þess. Í þessu samhengi er í bréfi Kredia ehf. bent á að engan áskilnað sé að finna í lögum eða lögskýringargögnum um tegund eða eðli viðbótarþjónustunnar.
10. Með bréfi Neytendastofu til Smálána ehf., dags. 10. mars 2014, var vísað til fyrrgreindra samskipta stofnunarinnar við Kredia ehf., en sami aðili stæði að baki að fyrirtækjunum og sami lögmaðurinn sinnti störfum fyrir bæði. Þrátt fyrir þetta og að sama fyrirkomulag virtist vera hjá báðum fyrirtækum varðandi flýtiþjónustu vildi Neytendastofa gefa Smálánum ehf. formlega kost á að koma að skýringum eða athugasemdum áður en tekin yrði ákvörðun í málinu. Með bréfi, dags. 14. mars 2014, lýsti Smálán ehf. því yfir að fyrirtækið gerði sjónarmið Kredia ehf. að sínum í málinu.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

11. Hinn 2. júní 2014 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun nr. 28/2014. Þar var sem fyrr segir komist að þeirri niðurstöðu að kærundur hefðu brotið gegn 21. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán og 3. gr. reglugerðar nr. 956/2013 um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar með því að undanskilja kostnað af framkvæmd lánshæfismats við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Þá hefðu kærundur brotið gegn ákvæði 26. gr. laganna með því að innheimta kostnað af lánum sem næmi 3.214% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.
12. Með heimild í 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013 bannaði Neytendastofa kærendum að undanskilja kostnað af framkvæmd lánshæfismats við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Kredia ehf. og Smálánur ehf. var jafnframt bannað að innheimta hærri kostnað af lánum sínum en næmi 50% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar að viðbættum stýrivöxtum. Með heimild í u. og x. lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 33/2013 var hvorum kæranda gert að greiða 250.000 krónur í sekt.
13. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar eru rakin ákvæði g. liðar 5. gr., 1. og 4. mgr. 21. gr. og 26. gr. laga nr. 33/2013 þar sem fjallað er um árlega hlutfallstölu kostnaðar og heildarlántökukostnað. Þá er fjallað um ákvæði 1. mgr. 10. gr. um skyldu lánveitanda til að meta lánshæfi neytanda áður en samningur um neytendalán er gerður sem og ákvæði reglugerðar nr. 965/2013 um lánshæfis- og greiðslumat. Að mati Neytendastofu komi ákvæðin ekki í veg fyrir að lánveitandi geti farið fram á greiðslu fyrir lánshæfismatið en þá teljist slíkur kostnaður hluti af heildarlántökukostnaði, sbr. g. lið 1. mgr. 5. gr. laganna.
14. Því næst er vísað til þess að af hálfu Kredia ehf. og Smálána ehf. sé á því byggt að neytendur sem taki lán hjá félögunum hafi val um það hvort þeir óski eftir flýtafgreiðslu eða ekki. Óski þeir eftir flýtafgreiðslu sé lánshæfismat framkvæmt af sænska félaginu Credit Check á innan við klukkustund, sem geri það að verkum að hægt sé að afgreiða lánsúmsóknina á um einni klukkustund. Sé ekki óskað eftir flýtafgreiðslu framkvæmi félögin sjálf lánshæfismatið en í þeim tilvikum geti afgreiðsla lánsúmsóknarinnar tekið allt að átta daga. Flýtafgreiðslan teljist viðbótarþjónusta þar sem hægt sé að fá lánið afgangi án hennar og í ljósi þess að flýtafgreiðslan sé neytendum valkvæð teljist hún ekki hluti af heildarlántökukostnaði og sé þar með ekki hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.
15. Í ákvörðuninni er vísað til skýrslu framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins með leiðbeiningum um innleiðingu tilskipunar nr. 2008/48/EB sem innleidd var með lögum nr. 33/2013. Af hálfu kæranda hefur einnig verið vísað til skýrslunnar. Neytendastofa bendir á að í skýrslunni komi eftirfarandi fram um viðbótarþjónustu: „Ancillary services refer to services which are auxiliary or supplementary to the credit agreement, sometimes offered in the form of cross-selling products.“ Það að neytendum standi til boða að greiða fyrir lánshæfismat, sem

lánveitanda sé samkvæmt lögum nr. 33/2013 skylt að veita, frá þriðja aðila í þeim tilgangi að fá afgreiðslu lánsúmsóknar hraðað, feli samkvæmt þessu ekki í sér þjónustu sem sé stoð- eða viðbótarþjónustu við lánsamninginn. Þá megi á það benda að í ákvæði g. liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 33/2013, sem og umfjöllun í greinargerð, sé til þess vísað að viðbótarþjónusta geti einkum verið váttryggingar. Í 22. lið inngangsorða tilskipunar 2008/48/EB sé fjallað um viðbótarþjónustu og í því sambandi vísað til trygginga sem og opunar bankareikninga í tengslum við lánsamninga. Þetta styðji enn frekar það mat stofnunarinnar að til þess að um viðbótarþjónustu sé að ræða þurfi að koma til einhver önnur þjónusta til viðbótar við lánveitinguna og framkvæmd hennar. Þrátt fyrir að neytendur hafi val um það hvort þeir nýti sér flýtiafgreiðslu geti hún ekki talist viðbótarþjónusta. Lánveitanda sé skylt að framkvæma lánshæfismat þó honum sé frjálst að innheimta kostnað vegna gerð þess. Kostnaður við gerð lánshæfismats teljist því hluti af heildarlántökukostnaði samkvæmt g. lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 33/2013 og komi til útreiknings árlegrar hlutfallstölu kostnaðar sbr. 4. mgr. 21. gr. laganna.

16. Í ljósi framangreinds komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að kærendur hefðu, með því að reikna 5.990 króna kostnað við flýtiafgreiðslu lánshæfismats, brotið gegn ákvæði 21. gr. laga nr. 33/2013 og ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 965/2013. Þá hefðu kærendur brotið gegn 26. gr. laga nr. 33/2013 með því að innheimta kostnað af lánum sínum sem næmi 3.214% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

17. Í kæru, dags. 27. júní 2014, er þess krafist að hinni kærðu ákvörðun verði snúið við eða hún ógilt. Kærendur byggja í fyrsta lagi á því að Neytendastofa hafi byggt ákvörðun sína á röngum forsendum. Í ákvörðuninni komi fram að kærendur hafi látið sænska félagið Credit Check framkvæma lánshæfismat ef neytandi óskaði eftir flýtiafgreiðslu á umsókn um lán. Kærendur bendi á að þetta sé rangt, enda tengist sænska félagið ekki kærendum. Þá sé það rangt að kærendur innheimti gjald fyrir framkvæmd lánshæfismatsins. Svo virðist sem Neytendastofa hafi lagt til grundvallar ákvörðun sinni málsatvik í máli stofnunarinnar nr. 29/2014 er varði önnur fyrirtæki sem bjóði neytendum smálán. Ummæli í ákvörðun Neytendastofu eigi ekki við um kærendur.
18. Í öðru lagi byggja kærendur á því að Neytendastofa hafi brotið gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 þar sem málið hafi ekki verið nægilega upplýst áður en hin kærða ákvörðun var tekin. Er í þessu samhengi vísað til þess að Neytendastofa hafi lagt rangar forsendur til grundvallar ákvörðun sinni, sbr. það sem áður greinir um tilvísanir til hins sænska félags í ákvörðun stofnunarinnar. Í þriðja lagi hafi Neytendastofa brotið gegn andmælarétti kæranda samkvæmt 13. gr. stjórnisýslulaga, enda hafi kærendum ekki verið boðið að andmæla þeirri röngu forsendu sem lögð var til grundvallar hinni kærði ákvörðun, sbr. það sem áður greinir. Að öðru leyti vísi kærendur til þeirra sjónarmiða sem fram hafi komið við meðferð málsins fyrir Neytendastofu.

19. Með bréfi, dags. 3. júlí, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir umsögn Neytendastofu um kærana. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 11. júlí 2014, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Neytendastofa viðurkennir að ranglega hafi verið til þess vísað í hinni kærðu ákvörðun að lánsþæfismat sé framkvæmt af sænsku félagi þegar óskað sé eftir flýtiafgreiðslu hjá kærendum. Um misritun hafi verið að ræða í ákvörðuninni. Á hinn bóginn byggir niðurstaða hinnar kærðu ákvörðunar ekki á því að lánsþæfismat sé framkvæmt af þriðja aðila. Niðurstaðan eigi við hvort sem lánsþæfismatið sé framkvæmt af lánveitanda sjálfum eða þriðja aðila. Misritunin skipti því ekki máli varðandi niðurstöðu málsins. Af sömu ástæðu sé því hafnað að brotið hafi verið gegn rannsóknarreglu eða andmæla­reglu stjórn­skýslulaga. Þá sé áréttað að ákvörðun um að kostnaður við framkvæmd lánveitingarinnar teljist hluti af heildarlántökukostnaði byggir á því að flýtiþjónusta geti ekki talist valkvæð viðbót­arþjónusta. Það hver framkvæmi viðkomandi lánsþæfismat hafi á engan hátt áhrif á niðurstöðu málsins, enda byggir ákvörðunin ekki á nokkurn hátt á slíku atriði. Að lokum tekur Neytendastofa fram að ekki hafi verið settar takmarkanir á starfsemi kæranda heldur hafi stofnunin tekið ákvörðun um að kærundur skuli fylgja ákvæðum laga nr. 33/2013. Að öðru leyti eru ítrekið þau sjónarmið sem fram koma í hinni kærðu ákvörðun.
20. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála til kæranda, dags. 19. júlí 2014, var kærendum boðið að koma að athugasemdum sínum við umsögn Neytendastofu. Ekkert svar barst frá kærendum.

NIÐURSTAÐA

21. Í máli þessu leita kærundur endurskoðunar á ákvörðun Neytendastofu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að þeir hefðu brotið gegn 21. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán og 3. gr. reglugerðar nr. 956/2013 um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar með því að undanskilja kostnað af framkvæmd lánsþæfismats við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Í ákvörðuninni var einnig komist að þeirri niðurstöðu að kærundur hefðu brotið gegn 26. gr. laga nr. 33/2013 með því að innheimta kostnað af lánum sem nemur 3.214% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Með heimild í 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013 bannaði Neytendastofa kærendum að undanskilja kostnað af framkvæmd lánsþæfismats við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Þá var kærendum bannað að innheimta hærri kostnað af lánum sínum en næmi 50% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar að viðbættum stýrivöxtum.
22. Eins og rakið hefur verið hófst mál Neytendastofu vegna kærands Kredia ehf. með bréfi, dags. 19. nóvember 2013 og brást kærandinn tvívegis við fyrirspurnum stofnunarinnar. Í kjölfarið áttu Neytendastofa og kærandinn Smálán ehf. bréfaskipti sem ekki verða skilin á annan veg en að starfsemi beggja kæranda sé hagað eins og að málsatvik séu þau sömu í tilvikum þeirra beggja. Samkvæmt því verður lagt til grundvallar að kærundur bjóði neytendum svokölluð smálán sem séu lán að fjárhæð 20.000 krónur og að lánstími þeirra sé 30 dagar. Lánin beri enga vexti en lántökukostnaður sé 678 krónur. Í samræmi við 10. gr. laga nr.

33/2013 framkvæmi kærundur lánshæfismat áður en samningur um lán sé gerður. Taki framkvæmd slíks mats a.m.k. átta daga. Á hinn bóginn þjóðist lántökum einnig flýtiafgreiðsla á framkvæmd lánshæfismatsins og taki afgreiðsla þess þá aðeins um eina klukkustund. Fyrir þessa þjónustu greiði lántakendur aukalega 5.990 krónur sem komi til greiðslu á eindaga lánsins. Lýtur ágreiningur máls þessa að því hvort kostnaður vegna umræddrar flýtiþjónustu teljist til heildarlántökukostnaðar í skilningi g. liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 33/2013.

23. Í hinni kærðu ákvörðun er á því byggt að í þeim tilvikum þar sem lántakendur kæranda óskuðu flýtiafgreiðslu láns hafi lánshæfismat verið framkvæmt af sænska félaginu Credit Check. Óumdeilt er að þetta er rangt. Á hinn bóginn verður ekki fallist á með kærendum að það sé rangt hjá Neytendastofu að kærundur taki gjald fyrir framkvæmd lánshæfismats. Ljóst er af útprentun af heimasíðu kærands Kredia ehf., sem lögð var til grundvallar hinni kærðu ákvörðun, að umrædd flýtiþjónusta er til komin vegna „fargangsafgreiðslu við mat á lánshæfi og afgreiðslu lánsins að öðru leyti“. Þá er vísað til þess í bréfi rituðu af hálfu þess kæranda, dags. 6. desember 2013, að flýtiafgreiðslan hafi „það í för með sér að lánshæfismat, skv. 10. gr. laganna, er afgreitt með mun skjótari hætti en samkvæmt hefðbundnu ferli“.
24. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála liggur samkvæmt framangreindu fyrir að kærundur innheimta gjald fyrir umrætt lánshæfismat og verður ekki séð að sú ranga forsenda hinnar kærðu ákvörðunar, að matið sé framkvæmt af fyrrgreindu félagi, skipti nokkru í því sambandi. Eru málsatvik að fullu upplýst og ekki ástæða til að ógilda hina kærðu ákvörðun af þessum sökum. Þá verður ekki fallist á það með kærendum að andmælaréttar þeirra hafi ekki verið gætt, enda liggur fyrir að kærendum gafst ítrekað færi á að tjá sig um ætluð brot á fyrrgreindum lögum og ekkert í gögnum málsins bendir til þess að nokkru hafi skipt í því sambandi hver framkvæmdi lánshæfismatið sem gjaldtakan byggði á. Þá hafa kærundur átt þess kost að koma á framfæri við áfrýjunarnefndina andmælum vegna meðferðar Neytendastofu á málinu.
25. Lög nr. 33/2013 taka samkvæmt 1. gr. til lánssamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur. Óumdeilt er að kærundur eru lánveitendur í skilningi laganna, sbr. k. lið 5. gr. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 33/2013 skal svokölluð árleg hlutfallstala kostnaðar á neytendalánum ekki nema meira en 50 hundraðshlutum að viðbættum stýrivöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar samkvæmt a. lið 5. gr. laganna er heildarlántökukostnaður, lýst sem árlegum hundraðshluta af heildarfjárhæð láns þess sem veitt er og reiknað út í samræmi við ákvæði 21. gr. laganna, sbr. einnig reglugerð nr. 965/2013 um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.
26. Af IV. kafla almennra athugasemda með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 33/2013 má ráða að markmið löggjafans með því að takmarka árlega hlutfallstölu kostnaðar hafi verið að sporna við smálánum sem veitt væru með „okurvöxtum“. Er meðal annars vísað til þess að bæði hagsmunaaðilar og eftirlitsaðilar á neytendamarkaði hafi lýst yfir miklum áhyggjum af uppgangi smálánafyrirtækja hér á landi, „enda sé hér um að ræða lán á okurvöxtum [...] sem

markaðssett eru sérstaklega gagnvart ungu fólki, þeim sem höllum fæti standa og þeim sem hafa lítið á milli handanna“. Hafi því verið talin ástæða til að innleiða í íslenska löggjöf ákvæði um hámarkskostnað vegna neytendalána.

27. Í g. lið 5. gr. laga nr. 33/2013 er heildarlántökukostnaður skilgreindur. Ákvæðið er svofellt: „Heildarlántökukostnaður: Allur kostnaður, þ.m.t. vextir, verðbætur, þóknun, skattar og önnur gjöld sem neytandi þarf að greiða í tengslum við lánsamning og lánveitanda er kunnugt um við samningsgerð, að frátöldum þinglýsingarkostnaði. Kostnaður vegna viðbótarþjónustu í tengslum við lánsamning, einkum váttryggingariðgjöld, er einnig tekinn með í útreikninginn ef skylda er að gera viðbótarþjónustusamning til að lánið fái stöð eða til að fá það með auglýstum skilmálum og kjörum.“
28. Í athugasemdum við g. lið 5. gr. laga nr. 33/2014 í frumvarpi að lögum segir eftirfarandi: „Undir heildarlántökukostnað fellur allur kostnaður sem neytandi þarf að greiða í tengslum við lánsamning, þ.m.t. talið kostnaður við gerð greiðslumats og skjalagerð, ef við á. Í 2. málslíð er vísað til kostnaðar vegna viðbótarþjónustu í tengslum við lánsamning. Hér á landi er ekki algengt að gerð sé krafa um gerð sérstaks þjónustusamnings í tengslum við lánveitingar á ákveðnum kjörum, en dæmi þess þekkjast þó. Á tímabili var stundað af viðskiptabönkum og sparisjóðum að krefjast þess að lántaki keypti sérstaka líftryggingu til þess að fá lán á ákveðnum kjörum. Í þessum tilfellum er þá lánastofnunin sá sem hlýtur útgreiðslu bóta ef lántaki fellur frá og greiðist inn á höfuðstól lánsins.“
29. Af orðalagi 1. málslíðar g. liðar 5. laga nr. 33/2014 og framangreindum athugasemdum leiðir að kostnaður vegna afgreiðslu á umsókn um neytendalán telst almennt til heildarlántökukostnaðar í skilningi lagaákvæðisins. Í athugasemdum í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 33/2013 hefur löggjafinn meðal annars tekið afstöðu til þess að kostnaður við gerð greiðslumats sé hluti af heildarlántökukostnaði. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála verður slíkt hið sama talið eiga við um kostnað við gerð lánshæfismats, enda um sambærilegan kostnað að ræða og ekkert í lagaákvæðinu eða fyrrgreindum lögskýringargögnum sem gefur tilefni til að annað kunni að gilda um þann kostnað sem hér um ræðir. Þá verður orðalag ákvæðisins um kostnað sem lántakandi „þarf að greiða“ ekki skilið svo að kostnaður við töku láns falli utan heildarlántökukostnaðar þótt lántakendur hafi valkosti um mismunandi dýrar útfærslur þjónustunnar, heldur fremur að kostnaður sem greiða þarf í tengslum við einstaka lánsamninga, óháð öðrum möguleikum á útfærslu þjónustunnar, teljist til heildarlántökukostnaðar. Að því leyti sem orðalag ákvæðisins er vafa háð hvað þetta varðar vísast til þess markmiðs laga nr. 33/2013 að takmarka möguleika lánveitenda á að innheimta af lántökum kostnað vegna lántöku, eins og rakið hefur verið hér að framan, en önnur niðurstaða fæli í sér að sú takmörkun, sem felst í 26. gr. laganna, væri í raun þýðingarlítill.
30. Gjald það er mál þetta lýtur að er til komið vegna flýtimeðferðar á afgreiðslu láns og gerðar lánshæfismats sem kærendum er skylt að framkvæma áður en samningur um neytendalán er gerður, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 33/2013. Þeir lántakendur sem kjósa að fá flýtimeðferð á

afgreiðslu lána frá kærendum þurfa því að greiða kostnað sem telst til heildarlántökukostnaðar samkvæmt 1. málslíð g. liðar 5. gr. laganna. Þegar af þessari ástæðu verður ekki fallist á með kærendum að sú flýtiþjónusta sem þeir bjóði upp á sé viðbótarþjónusta í skilningi 2. málslíðar g. liðar 5. gr. Má í þessu sambandi einnig vísa til þess að samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að viðbótarþjónusta geti verið valfrjáls en einnig að lánveitandi geti gert kaup hennar að skilyrði fyrir því að lán fái. Kysu kærundur að gera kaup á flýtiþjónustu að skilyrði fyrir láni er ljóst að slík þjónusta gæti ekki með nokkru móti talist „viðbótarþjónusta“ heldur væri augsýnilega um að ræða kostnað sem félli undir 1. málslíð g. liðar 5. gr.

31. Í ljósi alls framangreinds var kærendum skylt að telja kostnað vegna flýtimeðferðar á afgreiðslu lána til heildarlántökukostnaðar samkvæmt g. lið 5. gr. laga nr. 33/2013. Með því að gera þetta ekki brutu kærundur gegn ákvæðum 21. gr. laganna og 3. gr. reglugerðar nr. 956/2013 um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Þá brutu kærundur einnig gegn 26. gr. laganna með því að innheimta kostnað af lánum sem nam 3.214% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Með vísan til þessa ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Hildur Dungal

Egill Heiðar Gíslason

Halldóra Þorsteinsdóttir